

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hornafjarðar, þann 27. apríl 2005, samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Örafum.

Skipulagið tekur til svæðis suðvestan við Þjóðveg nr. 1 framan við opið svæði til sérstakra nota og fram í Svínanes, sem liggur á milli Skaftafellsár og Svínafellsár, alls um 39,0 ha.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Höfn, 25. maí 2005.

F.h. bæjarstjórnar Hornafjarðar,

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.